Börkur Sigurbjörnsson

# Lestarsaga

örsaga

Urban Volcano

Lestarsaga
Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2017
http://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

**http://urbanvolcano.net/**

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, hljóðritun eða upplestri í rigningarúða á Lækjartorgi, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



# Lestarsaga

Ég átti í mestu vandræðum með að einbeita mér að lestri bókarinnar minnar því að ungur drengur handan gangsins talaði stanslaust.

„Pabbi,“ sagði drengurinn. „Eru allir í lestinni á leið til Lundúna?“

„Ég veit það ekki,“ svaraði pabbinn.

„Pabbi! Hvað er langt til Lundúna í lest?“

„Þrír tímar.“

„Pabbi! Ef einhver manneskja væri of fátæk til að borga lestarfarið og þyrfti að labba, hvað væri hún lengi á leiðinni?“

„Nokkra daga.“

„Pabbi! Og þegar hún kæmi loks á leiðarenda væri hún þá dauð?“

„Já,“ svaraði pabbinn. „Dauð-þreytt.“

# Um höfundinn

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftar en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)
Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)
52 augnablik, örsagnasafn (2017)
999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson
Urban Volcano